


Í framhaldi af samtali okkar í morgun þá óska ég, fh. Sjálfseignarstofnunarinnar Skaftholt, hér með eftir fundi með sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til að ræða samningamál við Bergrisann bs. og erfiða rekstrarstöðu.

Í dag fær Skaftholt greitt framlag á verðlagi 2015 + 2,4%, sem er allt of lágt til að geta staðið undir þeim hækkunum sem orðið hafa í samfélaginu. Auk þess höfum við ekki enn fengið greiddar verðbætur fyrir árið 2016 eða það sem af er liðið þessu ári.

Það vakti athygli mína þegar ég las fundargerð stjórnar Bergrisans bs. frá 16. Ágúst 2017, það er fundur sem við sóttumst eftir að koma á, kemur fram að heimilið hafi verið samningslaust frá desember 2016, sem er rangt, samningurinn rann út í desember **2014**. Sá sem fór með mér á fundinn heitir Guðjón **Árnason** og er formaður stjórnar Skaftholts.

**FUNDARGERÐ**



**FUNDARGERÐ**

27. Fundar stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs.

**Fundarstaður:** Ráðhús Árborgar

**Fundartími:** Miðvikudagur 16. ágúst 2017 kl. 10.00

**Mættir:** Stjórnarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Ásgeir Magnússon. Auk þess sátu þær, Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir og María Kristjánsdóttir fundinn.

**Ritari fundarins:** Ásgeir Magnússon

5. Erindi frá Skaftholti – forsvarsmenn koma á fundinn kl. 11 og ræða forsendur fyrir áframhaldandi rekstri Skaftholts

Undir þessum lið mættu til fundarins þeir Gunnþór Guðfinnsson og Guðjón ... forsvarsmenn Skaftholts og gerður grein fyrir erfiðri rekstrarstöðu Skaftholts. Í máli þeirra kom fram að heimilið hefur verið samningslaust frá desember 2016 og er rekið með yfirdrætti sem ekki gengur til lendar.